

Mál nr. 29/2010

Ár 2010, þriðjudaginn 9. nóvember var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 29/2010

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda sem barst siðanefnd 31. maí 2010 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hefði gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn þar sem reglum um hvíldartíma tíkar í hennar eigu var ekki fylgt. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dags. 3. júní og henni gefinn frestur til að andmæla til 30. júní. Kærða svaraði með bréfi dagsettu 14. júní sem sent var til umsagnar kæranda sem svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Var boðaður sáttafundur í málinu 19. október þar sem málsaðilar mættu hjá nefndinni og reifuðu sjónarmið sín. Ekki tókust sættir með aðilum. Þar sem siðanefnd taldi að öll gögn og sjónarmið er máli kunnu að skipta komin fram tók siðanefnd málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt upplýsingum kæranda gaut Griffon tíkin Z órum sinnum í röð án þess að hvíldartími milli hvolpaeigna hafi verið virtur. Þannig gaut tíkin fyrst 10. júlí 2007 og eignaðist tvo hvolpa. Tíkin gaut aftur tíu og hálfum mánuði síðar þann 24. maí 2008 og eignaðist þá fjóra hvolpa. Tíkin gaut í þriðja sinnið ellefu og hálfum mánuði síðar þann 7. maí 2009 og eignaðist þá tvo hvolpa. Tíkin gaut í fjórða sinnið 10 mánuðum síðar þann 9. mars 2010 og eignaðist þá þrjá hvolpa. Kærandi telur að um sé að ræða brot á grein 3.4. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn sem tóku gildi 1. janúar 2008. Sérstaklega aðspurð á sáttafundi með aðilum hvort kært væri fyrir eitt brot eða fleiri þá svaraði fulltrúi kæranda því til að kært væri fyrir eitt brot. Kærða svaraði kærinni með bréfi þar sem hún féllst á að hafa brotið af sér.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn skal ræktandi hafa í heiðri góða hundaræktarsíði í ræktunarstarfi sínu. Samkvæmt grein 3.4. í grundvallarreglum félagsins ber ræktanda að:

„Láta ekki tík eiga fleiri en fimm got. Ef tík eignast tvö got innan 12 mánaða tímabils þarf að hvíla tíkina í a.m.k. í 12 mánuði fyrir næsta got.“

Eins og lýst var að framan eignaðist tík kærðu af tegundinni Griffon tvö got innan tólf mánaða tímabils það síðara 24. maí 2008. Samkvæmt ofangreindu ákvæði hefði tíkin þá átt að fá hvíld í tólf mánuði áður en hún eignaðist næst hvolpa. Tíkin átti hins vegar hvolpa hálfum mánuði áður en tólf mánaða hvíldartímanum lauk. Þá eignaðist tíkin hvolpa í fjórða sinn tíu mánuðum

síðar. Tíkin hafði þá einnig átt tvö got innan tólf mánaða tímabils og hefði samkvæmt reglunum aftur átt að fá tólf mánaða hvíld. Kærða virti því ekki reglu um hvíldartíma tíkarinnar en með því hefur hún gerst brotleg við grein 3.4. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn.

Kemur þá til skoðunar hver eru hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða játaði brot sín skýlaust. Hins vegar er ekki hægt að líta framhjá því að kærða virti ofangreinda reglu að vettugi í tvígang með sömu tókina en reglan er sett til að vernda heilsu tíkarinnar.

IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við grein 3.4. í grundvallarreglum HRFÍ

Kærða er áminnt.

f.h. síðanefndar
Sign:

Herdís Hallmarsdóttir
Hilmar Sigurgíslason
Kristín Sveinbjarnardóttir